

INGIBJÖRG ELSA GUÐMUNDSDÓTTIR

## FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS Á FJÓRÐA STARFSÁRI

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt í starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Ber þar einkum að nefna nýjan þjónustusamning við menntamálaráðuneytið, ný viðfangsefni í samningnum svo og flutning starfseminnar í Skeifuna 8. Í þessari grein er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið og framgangi þeirra á árinu. Jafnframt er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem unnið var að á árinu.

Þetta starfsár er það fjórða í röðinni en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð af ASÍ og SA í árslok 2002 og hóf starfsemi á miðju ári 2003. Starfsemin byggist á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Fyrsti þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl árið 2003 og gildir hann út árið 2006. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við niðurstöður ASÍ og SA um gildi kjarasamninga í nóvember 2005. Í þeirri yfirlýsingu var greint frá því að fé yrði aukið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Ákveðið var að fela FA að vinna að þeim málum sem yfirlýsingin kvað á um og var þjónustusamningurinn því endurnýjaður fyrir en ella eða í ársbyrjun 2006.



Frá undirritun þjónustusamnings 26. janúar 2006

Í nýjum þjónustusamningi eru ákvæði um ný verkefni ásamt því að skert hefur verið á skilgreiningum eldri verkefna í ljósi reynslunnar. Helstu markmið hins nýja samnings eru eins og áður að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarfær markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þörfum þessa hóps.

Í þjónustusamningnum eru þrjú ný verkefni. Tvö þeirra varða beint samstarf við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími – símenntun í Reykjavík; annars vegar að meta, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, þarfir fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf fyrir

fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, móta inntak og framkvæmd þjónustusamninga og skilgreina aðferðir við mat á árangri; hins vegar að skilgreina reglur um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og framkvæmd námskeiðahalds sem byggist á námsskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Þetta verkefni snýr einnig að fræðslumiðstöðvum iðngreina. Þriðja verkefnið snýr að því að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfara kennara/leiðbeinendur í notkun þess.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Loks verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem unnið hefur verið að á árinu. Þeim er jafnframt lýst nánar í öðrum greinum í ársritinu.

### ÞJÓNUSTUSAMNINGUR ASÍ OG SA VIÐ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samkvæmt þjónustusamningnum reka ASÍ og SA Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) til að sinna verkefnum samkvæmt samningnum auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samningsaðilar móta sameiginlega stefnu um einstök samstarfsverkefni en FA stjórnar framkvæmd þeirra að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.



## HÚSFÉLAG

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnæðissamstarf. Mímir – símenntun, Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla og Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni hafa leigt húsnæði af FA. Þann 1. september flutti þetta fræðslusamfélag starfsemi sína í Skeifuna 8, 2. hæð. Þar er rúmt um starfsemi sem nú er öll á einni hæð. Auk skrifstofu aðstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir fjarfundarbúnað, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir – símenntun hefur á sínum snærum 7 kennslustofur. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Húsnæðið í Skeifunni 8 er talsvert stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur aukna möguleika bæði á húsnæðissamstarfi við fleiri fræðsluaðila en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnæðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi. Þegar þessi grein er skrifuð er húsnæðið í fullri nýtingu.



Húsnæðið að Grensásvegi 16a kvatt og haldið í Skeifuna 8 í lok ágúst

## ÞJÓNUSTU- OG SAMSTARFSSAMNINGAR VIÐ FRÆÐSLUAÐILA

Á síðastliðnu starfsári voru endurnýjaðir þjónustusamningar við allar símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími – símenntun. Um er að ræða samninga sem kveða á um sameiginleg markmið og þjónustu ásamt samningum sem varða fjármögnun á vottuðum námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu sem hefur skamma skólagöngu að baki. Skrifað var undir fyrstu samningana um miðjan mars og þá síðustu í byrjun júní.

## MEGINMARKMIÐ ÞJÓNUSTUSAMNINGSINS

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

## NÝJAR NÁMSLEIÐIR

Á árinu hafa verið metnar og gefnar út 5 námsskrár. Þær eru Grunnám fyrir skólaliða í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Námið er 70 kennslustundir að lengd og metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 6 einingar. Fagnámskeið II í heilbrigðis- og félagsþjónustu í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Námið er 60 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 5 einingar. Fjölverkjar í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Akureyrar. Námið er 170 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 13 einingar. Vöruflugningaskólinn í samstarfi við Eimskipafélag Íslands. Námið er 339 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 23 einingar. Verslunarfagnám í samstarfi við Samtök verslunar- og þjónustu og VR. Námskráin hefur verið kennd sem tilraun í Verslunarskóla Íslands. Námið er 510 kennslustundir að lengd, ásamt starfsþjálfun á vinnustað í



Þjónustusamningur við Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra undirritaður

340 klukkustundir undir leiðsögn starfsþjálfara og metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 51 einingu.

Á árinu var einnig farið yfir námsskrár og gerð tillaga að mati til eininga á framhaldsskólastigi á fjórum námsskrám fyrir byggingarliða í samstarfi við Menntafélag byggingariðnaðarins (nú lðan). Námsleiðirnar eru Grunnám byggingarliða, 45 kennslustundir að lengd og metið til allt að 3 eininga. Húsbyggingarsvið byggingarliða, 200 kennslustundir að lengd og metið til allt að 16 eininga. Framleiðslu- og sölusvið byggingarliða, 200 kennslustundir og metið til allt að 16 eininga. Gatna- og jarðvinnusvið byggingarliða, 200 kennslustundir og metið til allt að 16 eininga.

Undirbúningur er stendur yfir vegna fleiri verkefna. Ber þar fyrst að geta samnings við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um að bæta námsframboð og þjálfun ófaglærðra starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi. Verið er að hanna námskeið sem sett verða upp fyrir vorið 2007. Námskeiðið þarf að uppfylla kröfur starfsgreinarinnar og starfsmannanna og vera sniðið að þörfum fullorðins fólks. Unnið verður að námsskrárgerð á vegum FA.

Einnig er í gangi undirbúningur fyrir Alþýðusamband Ísland að námsskrárgerð og mati á námi fyrir trúnaðarmenn.

## GÆÐI NÁMS

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra mest hjá framkvæmdaraðilum námsins en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér **ekki** um framkvæmd námsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir hins vegar kröfu til samstarfsaðila sinna um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Á árinu var unnin yfirgripsmikil vinna við að skilgreina gæðaviðmið í fræðslustarfsemi FA og samstarfsaðila í samstarfi við Arneyju Einarsdóttur hjá fyrirtækinu HRM. Handrit var tilbúið í árslok 2005 og sent símenntunarmiðstöðvunum til yfirlstrar. Fundur var haldinn með þeim í byrjun þessa árs. Þar var farið yfir gæðaviðmiðin og tekið tillit til athugasemda samstarfsaðilanna. Gæðaviðmiðin voru sett á vef FA í ársbyrjun 2006. Þau má finna á [www.frae.is](http://www.frae.is) undir liðnum gögn. Þar er sérstakur kafli undir heitinu gæðaviðmið.

Gæðaviðmiðin skiptast í eftirtalda kafla: Almennar upplýsingar, stjórnun og skipulag, námsmenn og inntak fræðslu, mat á árangri og þekkingarfyrirtækið. Valið hefur verið að hafa gæðaviðmiðin aðgengileg á vefnum til þess að samstarfsaðilar FA eigi auðvelt með að prenta út viðeigandi viðmið til að afhenda starfsmönnum sínum, kennurum eða nemendum. Markmiðið er að gæðaviðmiðin séu í notkun í nokkurn tíma og síðan yfirfarin með samstarfsaðilum á næsta ári. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um eftirfylgni við gæðaviðmiðin heldur er þess beðið hvort gæðakerfið ALL, sem Mennt hefur verið að þróa, muni verða sett á laggirnar. En starf Menntar að þessum málum var haft til hliðsjónar við þróun gæðaviðmiðanna.

## UPPLÝSINGAR UM MARKHÓPINN

Nauðsynlegt er að afla upplýsinga um markhópin, þarfir hans og möguleika til að sækja nám eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði með öðrum hætti. Náms- og starfsráðgjöf hefur reynst vera góð leið til að afla upplýsinga um þarfir og áhugasvið markhópsins. Fræðslumiðstöðin hefur unnið



í tilraunaverkefnum sem varða náms- og starfsráðgjöf á undanförunum árum en nú hefur það verkefni fengið vængi með fjármagni til að byggja upp ráðgjöf fyrir starfandi fólk um allt land. Þessu verkefni er lýst nánar hér á eftir.

Á árinu hefur FA tekið þátt í verkefni ásamt menntamálaráðuneytinu sem varðar úrvinnslu úr efni sem Hagstofa Íslands safnaði í vinnumarkaðskönnun. Fyrstu drög að skýrslu eru að verða til núna á síðustu mánuðum ársins 2006. Skýrslan verður gott innlegg í stöðu fullorðinsfræðslunnar á Íslandi og ætti að geta orðið vegvísir að aðgerðum við að hækka þekkingarstigið hjá markhópi FA.

#### ÞRÓUN MATS Á RAUNFÆRNI

Þetta er eitt stærsta og viðamesta verkefni FA. Stöðugt er leitað leiða til að safna upplýsingum og prófa leiðir, aðferðir og tæki til raunfærnimats. Síðar á árinu er fyrirhugað að senda fyrstu stefnumarkandi tillögur til menntamálaráðuneytisins um tilhögun raunfærnimats. FA hefur tekið þátt í nokkrum tilraunaverkefnum á árinu. Þau verkefni, sem hafa varðað mat til styttingar á námi í framhaldsskóla, eru:

Tilraunaverkefni Mímis – símenntunar í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina, Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Reykjavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í verkefninu var leitað leiða til að meta raunfærni þeirra starfsmanna í iðngreinum sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og finna leið fyrir þá til að ljúka námi. Verkefnið þróaðist þannig að ákveðið var að leggja áherslu á eina iðngrein, vélvirkjun og samstarf við Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins og Borgarholtsskóla. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í verkefninu voru 18 en 16 manns fengu metna áfanga að meðaltali 12 einingar á mann.

Tilraunaverkefni á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja með styrk frá starfsmenntasjóði. Markhópur verkefnisins var byggingarverkamenn á Suðurnesjum sem hafa áhuga á að ljúka formlegu námi í byggingargreinum. Þeir sóttu nám á vegum MSS og fóru í gegnum raunfærnimat á veg-

um MSS og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í verkefninu eru 19, átta manns hafa fengið um 30 einingar metnar og verkefnið er enn í vinnslu þegar þetta er ritað.

Í undirbúningi er verkefni á vegum Samiðnar sem sprottið er úr vinnustaðakönnun Samiðnar þar sem fram hefur komið að 60% þeirra sem gegna faglærðum störfum eru lærdir iðnaðarmenn en 40% eru ófaglærðir. Af þeim ófaglærðu er helmingurinn erlendir starfsmenn og helmingurinn er Íslendingar sem hafa aflað sér þekkingar og færni með störfum sínum á vinnumarkaði. Markmiðið er að meta raunfærni þessara starfsmanna og búa til varanlega leið í menntakerfinu fyrir menn sem starfa sem faglærðir þótt þeir hafi ekki lokið námi í grein sinni. Um er að ræða allar greinar byggingariðnaðarins en tilraunaverkefnið mun beina sjónum að mati inn í húsasmíði.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér að búa til færni- viðmið fyrir Starfsgreinaráð iþrótt- og tómstundagreina vegna raunfærnimats til styttingar á námi á leik- og grunnskólabraut. Útbúnir voru gátlistar sem byggjast á námsskrá og áfangalýsingum. Gátlistarnir lýsa færni- viðmiðum hvers áfanga fyrir sig. Þeir nýtast líka við sjálfsmat einstaklinga í áföngum námsins og sem undirstaða í grein- ingarviðtali við raunfærnimat.

FA gerði samning við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina (nú Iðuna) um að þróa aðferðafræði og tæki til skráningar, staðfestingar og mats á færni einstaklinga til styttingar á námi í matvæla- og veitingagreinum með vinnustaðanám í forgangi. Jafnhliða þessu starfi verða þróaðir gátlistar og gæðaviðmið. Þetta verkefni er enn í gangi.

Þau verkefni sem hafa varðað mat á raunfærni í atvinnu- lífinu og FA hefur verið þátttakandi í eru:

Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölpjódlegum vinnu- stað: Líkan fyrir yfirfærslu þekkingar og færni á vinnustað. Verkefnið er þróunarverkefni Landspítala-háskólasjúkra- húss í samstarfi við Eflingu stéttarfélag með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Verkefnið miðar að því að greina þekkingu sem til staðar er í mann- auði vinnustaðarins, leita leiða til yfirfærslu þekkingar



innan hans, efla samstarf og starfsanda og gera starfsmönnum kleift að þroskast og þróast í starfi. Markhópurinn er einstaklingar sem starfa á öldrunarsviði, með skamma skólagöngu að baki og er sérstök áhersla lögð á þátttöku nýbúa. Stýrihópur, skipaður fulltrúum samstarfsaðila, stýrir verkefninu. Starfstengd færniviðmið hafa verið þróuð. Alls 18 starfsmenn hafa farið í gegnum matsferli. Unnið er að þróun leiða við yfirfærslu þekkingar á milli starfsmanna.

Á árinu var fram haldið starfi í verkefninu VOW en það byggist á styrk sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk frá Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins að upphæð 30 milljónir íslenskra króna í tilraunaverkefni sem ber titilinn „The Value of Work“ eða Gildi starfa. Unnið er að þróun aðferða til að meta raunverulega færní einstaklinga í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin stýrir verkefninu. Samstarfslönd auk Íslands eru Danmörk, England, Kýpur, Slóvenía og Svíþjóð.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru Íslandsbanki, Landsbankinn, KB banki, Menntaskólinn í Kópavogi, Samband íslenskra bankamanna, VR, starfsgreinaráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina og menntamálaráðuneytið. Fulltrúar þessara aðila mynda faghóp í verkefninu sem fer reglulega yfir framvindu mála. Sams konar faghópar hagsmunaaðila hafa verið myndaðir í hverju landi.

Verkefnið hefur nú staðið yfir í eitt ár af tveimur. Heimasíða verkefnisins er [vow.siae.is/](http://vow.siae.is/) en einnig er hlekkur á heimasíðu FA, [www.frae.is](http://www.frae.is). Kynningarbæklingur um verkefnið er tilbúinn. Unnið er að handbók um staðla í störfum bankastarfsmanna og verða þeir teknir í notkun í tilraunaskyni fljótlega. Fjóra María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson, starfsmenn FA, stýra verkefninu. Bjarni Ingvarsson gerir nánari grein fyrir verkefninu í grein sinni í Gátt.

#### UPPBYGGING NÁMSFERILSSKRÁR

Eitt af viðfangsefnum FA er að byggja upp kerfi fyrir námsferilsskrár (nemendabókhalda) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem m.a. verði tekið mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.

Næsta skref í þessu starfi er að gera þarfagreiningu hjá samstarfsaðilum FA þannig að skráningarkerfið nýtist þeim sem best. Á vormánuðum var leitað eftir tilboðum í þessa þarfagreiningu. Fljótlega verður gerður samningur við fyrirtækið Betri lausnir um að vinna þarfagreininguna í samráði við samstarfshóp sem skipaður er þeim Sólveigu Sveinsdóttur, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Jóhanni Ingólfssyni, Farskóla Norðurlands vestra, Birni Garðarssyni, Fagráði verslunar- og þjónustugreina, Rósu Steinunni Jónsdóttur, Mími – símenntun og Birni Sigurjónssyni, lðunni.

Þegar þessari þarfagreiningu lýkur er komið að því að hanna kerfið en þær athuganir, sem gerðar hafa verið, benda til þess að heppilegt sé að laga Innu, skráningarkerfi framhaldsskólanna, að þörfum FA og samstarfsaðila.

#### ÞRÓUN NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFAR

Það hefur verið liður í starfi FA frá upphafi að þróa leiðir til að veita náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði. Markmiðið er einkum að ná sambandi við markhóp FA og greina þarfir ásamt því að búa til námsleiðir sem henta bæði einstaklingunum og þeim fyrirtækjum og stofnunum sem þeir starfa í. Ekki er síður mikilvægt að hvetja til náms og ábyrgðar á eigin færnipróun. FA hefur því unnið í nokkrum þróunarverkefnum á þessu sviði. Á síðastliðnu ári færðist náms- og starfsráðgjöfin út til samstarfsaðila FA með formlegum hætti. Hlutverk FA hefur því breyst í kjölfarið. Nú er mikilvægast að halda utan um og samræma þróun í málaflöknum. Frá því að byrjað var að ráða náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA hefur starfsemin beinst að því að veita handleiðslu um vinnuáferðir við ráðgjöf á vinnumarkaði og í fyrirtækjum. Þessi náms- og starfsráðgjöf er um margt öðruvísi en sú ráðgjöf sem hefur tíðkast innan skólakerfisins og fyrir atvinnulausa. Námsráðgjöf á vinnustað er veitt á svæði og í tíma atvinnurekanda en það gerir hana sérstaka.

Þann 18. ágúst sl. var haldinn fyrsti fræðslufundur fyrir náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA. Á fundinum voru kynnt ýmis mál sem að gagni geta komið við ráðgjöfina. Jafnframt var farið yfir forsendur ráðgjafar-



innar. Það er von okkar að þetta samstarf verði gjöfult í framtíðinni vegna þess að Ísland er að taka forystu meðal Evrópuþjóða í þessum málaflokki.

Á árinu lauk verkefni sem FA tók þátt í með Eflingu stéttarfélagi, Starfsafli, starfsmennt samtaka atvinnurekenda og Flóabandalagsins og erlendum samstarfsaðilum sem laut að þróun námshvatningar á vinnustað. Lokaráðstefna var haldin í verkefninu í Kennaraháskóla Íslands 23. mars sl. Í verkefninu var lögð áhersla á að þjálfar starfsfólk (trúnaðarmenn, verkstjóra) í jafningjaráðgjöf. Þessi tegund ráðgjafar er vel þekkt í nágrannalöndum, s.s. í Bretlandi þar sem þróuð hefur verið staða fræðslufulltrúa á vegum verkalyðshreyfingarinnar. Þessu verkefni hefur verið komið fyrir hjá Félagsmálaskóla alþýðu.

#### ÞRÓUN AÐFERÐA Í FULLORÐINSFRÆÐSLU OG STARFSMENNTUN

Liður í því að bæta fræðsluna er tilboð FA til samstarfsaðila sinna um námskeið í kennslufræði fullorðinna. Á síðastliðnu ári voru haldin 10 námskeið á vegum kennslufræðimiðstöðvar FA. Af þeim voru 5 af námskeiðinu Stiklur haldin hjá Mími – símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Þekkingarneti Austurlands, Tollstjóraembættinu og Ísbrú sem er félagsskapur þeirra sem kenna nýbúum. Jafnframt voru haldin tvö starfsþjálfarnámskeið, annað fyrir Verzlunarskóla Íslands og hitt fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Loks var haldið námskeið um fjarkennslu fyrir Alþýðusamband Íslands og námskeið um mismunandi námsnálgun var haldið með Ingemar Svanteson frá Svíþjóð en það var jafnframt umfangsmesta námskeið ársins. Lýsing á Stiklum og öðrum mögulegum námskeiðum er á heimasíðu FA, [www.frae.is](http://www.frae.is)

Jafnframt hefur verið byggt upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsakynnum FA og er bætt við safnið á hverju ári. Unnið hefur verið að skráningu safnsins á árinu. Í undirbúningi eru reglur um útlán og kynning safnsins fyrir samstarfsaðilum FA.



Frá námskeiði Ingemars Svantesons

#### EINSTAKLINGSMIÐUÐ NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF FYRIR FÓLK Á VINNUMARKAÐI MEÐ LITLA GRUNNMENNTUN

Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 30 milljónum á árinu til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntarmiðstöðvunum og Mími – símenntun. Undirbúningsstarfið fór af stað af krafti um leið og nýr þjónustusamningur tók gildi. Unnið var að því að meta þarfirnar með því að taka saman yfirlit yfir markhópin eftir svæðum. Stuðst er við meðaltalstölur árána 2002-2004. Inntak samninga var mótað og þar með ýmis atriði varðandi kostnaðarþátttöku og upplýsingasöfnun. Loks voru árangursmarkmið ákveðin. Þessi vinna var öll unnin í samráði við menntamálaráðuneytið. Á vormánuðum ársins 2006 voru samningar undirritaðir við alla til þess bæra aðila. Á haustmánuðum var ráðgjöfin komin í framkvæmd hjá þeim að einum aðila undanskildum. Framkvæmdin er unnin eftir þeirri fyrirmynd sem varð til í tilraunaverkefninu „Námsráðgjöf á vinnustað“ og FA tók þátt í á árunum 2003-2005.



## NÁMSEFNI Í ÍSLENSKU FYRIR ERLENDA STARFSMENN

Eitt af verkefnum FA samkvæmt nýjum þjónustusamningi er að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfra leiðbeinendur í notkun þess. Þessu verkefni hefur miðað hægt á árinu en áætlanir gera ráð fyrir að vinna við það hefjist í október og því ljúki ekki fyrr en snemma á næsta ári. Búið er að velja stýrihóp til að móta verkefnið. Í stýrihópnum eru eftirtaldir aðilar: Þorbjörg Halldórsdóttir og Sólborg Jónsdóttir hjá Mími – símenntun, Laufey Eiríksdóttir hjá Þekkingarneti Austurlands, Þórlauf Drífa Jónsdóttir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Ísleifur Arnarson hjá HB Granda og Sigrún Jóhannesdóttir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Stýrihópurinn mun búa til mælistikur í námsefnisgerð í íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk, meta hvers konar námsefni muni henta best, skoða það efni sem til er og meta það út frá mælistikum. Síðan mun verða samið við höfunda um notkun þess efnis sem valið verður, greina hvaða efni vantar og semja við höfunda um að skrifa/hanna nýtt námsefni.

## GREIÐSLUR TIL VOTTAÐS NÁMS

Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar, Mímir – símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. Skilgreining á vottuðu námi eru þær námsleiðir sem sérhannaðar hafa verið fyrir fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, og metnar til eininga á framhaldsskólastigi.

Ákveðið var að verja 65 milljónum á árinu til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Undirbúningur fyrir þetta verkefni fólst í því að finna leiðir til að greiða framlag frá ríkinu til símenntunarmiðstöðva, Mímis – símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina vegna vottaðra námsleiða. Auk þess þurfti að semja reglur um framlagið, m.a. hvaða upplýsingum halda þarf sam- an vegna þessa starfs. Reglur voru unnar í nánu samráði við menntamálaráðuneytið. Ljóst er að þetta verkefni hefur farið vel af stað og eru allir samstarfsaðilar FA að

undirbúa framkvæmd á haustmánuðum en eingöngu þrjú þeirra fóru af stað með vottaðar námsleiðir á vorönn 2006. Sem dæmi má nefna að námsleiðin Aftur í nám, sem er fyrir fólk með lesblindu, mun fara af stað á 3-4 stöðum á landinu. Landnemaskólinn verður kenndur á sjö stöðum. Verslunarfagnám hefst á Akureyri. Grunnám fyrir skóla- liða hefst á tveimur stöðum á landinu og fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu á þremur stöðum. Glæný námsskrá fyrir Fjölvirkja verður kennd innan ferða- þjónustunnar á tveimur stöðum á landinu. Ljóst má vera af þessari upptalningu að vöxturinn í þessu starfi er mikill og vel hefur gengið að dreifa þeim námsleiðum sem hafa verið gefnar út og metnar, óháð búsetu.

## SÖFNUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Ársrit FA, Gátt, var gefið út í nóvember 2005. Þetta var annað ritið í röðinni. Áhersla í þessu riti var á kennslufræði í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Óhætt er að segja að þessu riti, svo og Gátt 2004, hefur verið vel tekið. Enda er ekki mikið um faglegt efni um fullorðinsfræðslu og starfs- menntun á íslensku. Í Gátt 2006 er sjónum áfram beint að kennslufræði en nú fremur að sérstökum hópum heldur en almennri kennslufræði.

Ársfundur FA var haldinn 23. nóvember sl. Erindi fluttu Ingemar Svanteson frá Svíþjóð, sem talaði um mismun- andi námsnálgun fólks undir heitinu Learning styles and study success, Elísabet Arnardóttir greindi frá niðurstöðum úr lestrarrannsókn sinni og Guðmundar Kristmundssonar en erindið bar nafnið Slakir lesarar. Guðbjörg Vilhjálmstöttir talaði um náms- og starfsráðgjöf fyrir starfandi fólk, og Árni Sigurbjarnarson flutti erindi um samspil menntastofn- ana og samfélags. Gylfi Arnbjörnsson, stjórnarformaður FA, ávarpaði fundinn í upphafi og Ingibjörg E. Guðmunds- dóttir, framkvæmdastjóri FA, kynnti Gátt 2005. Fundar- stjóri var Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar- og þjónustu. Fundinn sóttu 64 manns.

Kynningarbæklingur um raunfærnimat kom út á haust- mánuðum. Hann er ætlaður til notkunar í tilraunaverk- efnum og er efni hans einkum beint að samstarfsaðilum í slíkum verkefnum. Í bæklingnum er raunfærni skilgreind og



greint frá ferlinu í raunfærnimati. Dregin er fram gagnsemi raunfærnimats og farið yfir hlutverk helstu ábyrgðar- og hagsmunaaðila. Jafnframt er útdráttur úr evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.

Kynningarbæklingur um náms- og starfsráðgjöf ásamt veggspjaldi kom einnig út á haustmánuðum. Kynningar-efnið er ætlað samstarfsaðilum FA sem bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Í bæklingnum er höfðað bæði til einstaklinga á vinnumarkaði og fyrirtækja.

Kynningarbæklingar hafa verið gefnir út með nokkrum námsleiðum. Á árinu voru gefnir út bæklingar vegna námsleiðanna Aftur í nám, Jarðlagnotækni og Verslunarfagnáms.

#### ÖNNUR VERKEFNI:

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

Um næstkomandi áramót rennur út samningur sá sem FA gerði við NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) en sá samningur var til tveggja ára frá áramótum 2004 til ársloka 2006. NVL er starfrækt á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Aðalviðfangsefni í starfsáætlun netsins hafa verið: 1. Efling gæða og þróun gæðamælinga innan fullorðinsfræðslu. 2. Símenntun og þróun raunfærni á mismunandi sviðum menntunar, mat á persónulegri og faglegri færni. 3. Þverfaglegt samstarf til þess að auka samkeppnishæfni atvinnu- og þjóðlífs. 4. Þverfaglegt samstarf til að efla persónulegan þroska fólks og lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Heimasíða netsins er [www.nordvux.net](http://www.nordvux.net). Mikið starf hefur verið unnið í netinu á síðast liðnu ári. Sigrún Kristín Magnúsdóttir er tengiliður Íslands í netinu.

#### FAGMENNTUN Á SVIÐI VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Meðal annars er um að ræða verkefni sem koma að heildarmynd og tengingu náms á sviðinu, kynningar og

faglega vinnu vegna starfsmenntasjóðsins, náms- og starfsráðgjöf fyrir starfsmenn á vinnustöðum, vinnu að tillögum að nýju námi, ferilbókum og raunfærnimati. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins réð starfsmann til verkefnisins. Meðal þeirra verkefna, sem fagráðið vann á árinu 2005-2006, er eftirfylgni við framkvæmd tilraunakennslu í verslunarfagnámi sem Verslunarskóli Íslands hefur séð um. Tengt því er vinna við mótun ferilbókar nemenda í verslunarfagnámi. Þá er unnið að gerð tillagna að raunfærnimati fyrir umsækjendur í verslunarfagnámið. Fagráðið hefur skipulagt og haft umsjón með náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum en Mímir – símenntun hefur séð um framkvæmd ráðgjafarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða hafa verið kynningar á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Markmiðið með verkefninu er að efla fagmenntun á sviði verslunar og þjónustu og leitast er við að ná samlegðar-áhrifum við aðra starfsemi FA eftir því sem kostur er. Björn Garðarsson er starfsmaður Fagráðsins en samningurinn rennur út um áramótin.

#### STARFSGREINARÁÐ FJÁRMÁLA-, VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUGREINA

FA hefur gert samning um að greina þarfir og útbúa viðmið um úrvalsnámsefni sem hentar nýrri námsskrá fyrir tveggja ára starfsnám í þjónustugreinum. Starfið er á byrjunarreit en ljóst er að hér er um mjög nýja nálgun að ræða í tengslum við gerð kennsluefnis. Meðal afurða verkefnis mun verða lýsing á því hvaða námsefni þarf að útbúa til að fullnægja kröfum námsskrár og á hvaða formi það á að vera, leiðbeiningar fyrir höfunda námsefnis um framsetningu og efnistöð, mælistika sem má nota við mat á gæðum námsefnis í starfsnámi, athugun og sófnun á dæmum um árangursríkt námsefni.

#### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2006

Þau gleðilegu tíðindi bárust FA í maí að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefði lent í 12. sæti minni fyrirtækja sem fyrirmyndarfyrirtæki í könnun VR. Framkvæmastjóri FA tók við blómum og viðurkenningu af þessu tilefni 19. maí sl.



Fyrirmyndarfyrirtæki 2006 í flokki minni fyrirtækja

## UM HÖFUNDINN

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hún hefur B.A.-próf í sálfræði, kennsluréttindi frá HÍ, M.Ed.-próf í kennslufræðum frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Ingibjörg hefur unnið við fullorðinsfræðslu frá 1985 við stjórnun, kennslu og skipulagningu, m.a. hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og Tólmstundaskólanum. Hún hefur einnig tekið þátt bæði í evrópskum og norrænum samstarfsverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar.

## ABSTRACT

The past year has been eventful in the operations at the Education and Training Service Centre. Among major events were the new service contract with the Ministry of Education, new tasks in the contract and the move to a new location at Skeifan 8. This article details the main tasks according to the new contract with the Ministry and their implementation during this year. Other tasks carried out throughout the year are also covered.